



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 6.tbl.

Júní 2016

## Hátíðarhöld í Árnesi á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2016



### Dagskrá:

**Kl. 14:00** Skrúðganga og þrautaboðhlaup á íþróttavellinum. Hefðbundinn koddaslagur í Neslaug. Þátttakendum er bent á að hafa með sér aukaföt.

**Kl. 15:30** Hátíðardagskrá í Félagsheimilinu  
Sr. Óskar flytur hugvekjju  
Ávarp Fjallkonu  
Hátíðarræða  
Hátíðarkaffi í boði sveitafélagsins.



Verið öll hjartanlega velkomin!

Nefndin



**Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:**  
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00  
486-6100 Fax: 486-6120. - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

**Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður**

**Ari Einarsson 893-4426 [ari@skeidgnup.is](mailto:ari@skeidgnup.is)**

**Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016**

**Ekkert Fréttabréf í júlí sendið inn efni fyrir 5.ágúst 2016 næst.**

**Ritstjóri:** Kristjana H. Gestsdóttir [kidda@skeidgnup.is](mailto:kidda@skeidgnup.is)

**Ábyrgðarmaður:** Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps**

**Bókahúsinu, Brautarholti.**



**Opið eins og venjulega út júní— fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!**

**Opnað aftur eftir sumarfrí 25. ágúst! S: 486-5505**

**Munið alltaf hægt að skila!**



**Netfang [bokasafn@skeidgnup.is](mailto:bokasafn@skeidgnup.is)**

**<http://www.allirlesa.is>**

**<http://www.leitir.is>**



**Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770**

**Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.**

**Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30**

**Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000**

**Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700**

**Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási**

**Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.**

**Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655**

# Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við E– götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

## Gámasvæðið við Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

## Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Margt hefur áunnist við frágang á sorpi en alltaf má gera betur!

Minni enn á að gámasvæðin hér **eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.** Flokkum heima. 😊

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað

(í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

**Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!**

**Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!**

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

***Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa***

*Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.

***Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.***

*Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna*

gsm. 893-7016 eða 462-5301.



## Sumarlokun skrifstofu!



Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð  
frá og með 4. júlí til og með 1. ágúst.  
Sími í áhaldahúsinu er **893-4426**

Ef erindi eru brýn má að hafa samband við oddvita í  
síma **895-8432**. Bókanir í fjallaskálana Klett og Hallarmúla  
sér Ari B.Thorarensen um gsm: **898-9130** [arith@simnet.is](mailto:arith@simnet.is)  
Bókanir í Gljúfurleit, Bjarnalækjarbotna og Tjarnarver eru í  
síma **847-8162** **Lilja Loftsdóttir** ([brunir@simnet.is](mailto:brunir@simnet.is))

**Gleðilegt sumar!**  
**Sveitarstjóri.**

## **Kjölfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Kjölfundur vegna forsetakosninga fer fram  
laugardaginn 25. júní 2016.

### **Kosið verður í Þjórsárskóla.**

Kjölfundur hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 20.00  
Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis  
persónuskilríki með mynd og framvísa ef óskað er.



Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

## **Framlagning kjörskrár**



Kjörskrá fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna forseta-  
kosninga sem munu fara fram 25. júní næstkomandi liggur  
frammi, almenningi til sýnis á opnunartíma skrifstofu Skeiða  
- og Gnúpverjahrepps í Árnesi frá og með 15. júní nk. til og með 24.  
júní. Á upplýsingavef Innanríkisráðuneytisins [www.kosning.is](http://www.kosning.is) má  
finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna.  
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



# Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomu-  
lagi. Allir eru hjartanlega velkomnir,

vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.

**Tímapantanir í síma 863-0433.**

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.



## **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga 25. júní 2016**

### **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á sýsluskrifstofum:**

Hægt er að greiða atkvæði utankjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi, á opnunartíma sýsluskrifstofa, milli kl. 9.00-15.00. Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:

Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði

Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal

Austurvegi 6, Hvolsvelli

Hörðuvöllum 1, Selfossi **9.00-16.00**

ATH lengdan opnunartíma vikuna 13.-16. júní.

### **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög**

Á skrifstofu Hrunamannahrepps að Akurgerði 6, Flúðum.

Opnunartími kl. 13.00-16.00 mánudag-fimmtudag.

Einnig er hægt að kjósa á fleiri skrifstofum sveitarfélaga og er það auglýst í **Dagskránni 9. júní - blaði nr 2348.**

### **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi:**

Þeir sem ekki eiga heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, til embættisins, fyrir kl. 15.00, þriðjudaginn 21. júní nk.

Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

Kjösendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki til að sanna hverjir þeir eru.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**

# Gjaldskrá Búnaðarfélags Skeiðamanna 2016

Lágmarksgjald fyrir öll jarðvinnslutæki er kr 4.000 á hvern sólarhring óháð notkun. Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu, ef ekki þá er tekið þrífagjald **kr. 22.000**. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á tækjum og ber að tilkynna þau til umsjónarmanns. Umsjónarmaður tækjanna er Sigurjón Vilhjálmsson Hlemmiskeiði. Tækin eru staðsett við Búnaðarfélagsskemmuna við Brautarholt. **Síminn hjá Sigurjóni er er 863-7111** Leigutíma á að senda til Sigurjóns með sms eða símleiðis strax og tæki er skilað

**Næsta tæki verður ekki afgreitt fyrr en tímar eru komnir.**

|                  |                                                 |
|------------------|-------------------------------------------------|
| Loftpressa       | 2.080 kr/klst                                   |
| Steypuhrærivél   | 1.390 kr/tökugjald                              |
| Haugsuga         | 4.620 kr/daggjald og 350 kr/km                  |
| Fjölnotadreifari | 5.500 kr/daggjald og 350 kr/km                  |
| Pinnatætari      | 2.770 kr/klst                                   |
| Vendiplógur      | 440 kr/km og 4.000 daggjald                     |
| Plógur           | 2.770 kr/klst                                   |
| Jarðvegstætari   | 2.770 kr/klst og 8.500 fyrir hvern brotinn hníf |
| Sáðbeðsherfi     | 2.770 kr/klst                                   |
| Valtari          | 2.770 kr/klst                                   |
| Flaghefill       | 700 kr/klst                                     |
| Kornsnigill      | 400 kr/tn                                       |
| Kornsláttur      | 23.000 kr + hráolía og 6000 kr komugjald        |
| Kornvals         | 2.770 kr/klst                                   |
| Kerra            | 5.800 kr/daggjald                               |
| Flatvagn         | 100 kr/km og 4.620 daggjald                     |

# Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2016

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

**Sími: 848-1619**

**Gjaldskrá 2016** gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna

|                                                      |                                                                                               |
|------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
| Staurabor                                            | 1.100,- pr. klst.                                                                             |
| Haugsuga 11,5 T                                      | 15.000 kr pr. dag                                                                             |
| Haugsuga 13,5 T <b>(Ný í fyrri)</b>                  | 17.000 kr pr. dag                                                                             |
| Skádæla                                              | 9.500 kr pr. dag                                                                              |
| Brunndæla                                            | 9.500 kr, pr. dag                                                                             |
| Rafmagns flórhæra                                    | 8.500 kr pr. dag                                                                              |
| Pinnatætari                                          | 4.000 kr/klst,                                                                                |
| Hnífatætari                                          | 4.000 kr/klst,                                                                                |
| Flaghefill                                           | 3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.                                                        |
| Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði         | 4.500 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.                                            |
| Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur                  | 3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.                                                        |
| Fjaðraherfi                                          | 2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.                                                        |
| Steypuvél                                            | 150 kr/poka, startgjald 4.000 kr.                                                             |
| Flatvagn 12t (rúlluvagn)                             | 7.500 kr/dag.                                                                                 |
| Tveggjahesta kerra                                   | 5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag |
| Fjölnotakerra<br>( tveimur fetum lengri en sú gamla) | 6.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 8.000 kr/dag |
| Klaufskurðarbás fyrir fê <b>NÝTT</b>                 | 7.000,- kr pr dag.                                                                            |
| Slóði <b>NÝTT</b>                                    | 3.500,- kr / klst                                                                             |

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **16.000 kr.** Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

**Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619**

**Búnaðarfélag Gnúpverja**





## Leikholtsfréttir



Í júní

Við í Leikholti erum búin að bralla margt saman í vor. Búið er



að setja niður kartöflur í kartöflu-garðinn. Farið var í tvær lamba-ferðir, Vörðufellsbörnin fóru til Stefaniú í Vorsabæ og Heklu-börnin til Elínar og Alla í Húsa-tóftum. Börnin fengu góðar mót-tökur og voru ánægð með ferðina og að sjá dýrin. Við þökkum kær-lega gestgjöfum okkar fyrir mót-tökur.

Þann 26. maí var síðan Vorhátíð okkar þar sem elstu börnin, Fuglahópur, útskrifaðist og kynntu áttahagana sína.

Leikskólinn Leikholt fékk afhent



Lambaferð að Vorsabæ



Lambaferð Heklu að Húsatóftum

skjal sem staðfestir ART vottun næstu 3 árin, en við erum búin að mennta 6 starfsmenn af 8 starfsmönnum í ART og síðustu 2 fara á ART námskeið næsta haust.

Nánari upplýsingar um ART er að finna á heimasíðu ART [www.isart.is](http://www.isart.is). Starfsmenn Leikholts hafa unnið hörðum höndum að tileinka sér ART og gera ART að hluta af menningu leikskólans.


Þann 6. júní fóru elstu börnin, Fuglahópur, svo í útskriftarferð með Sirrý og Hauk til Stokkseyrar. Þar fóru þau í fjöruferð, skoðuðu Álfasafnið,



Veðisafnið og Draugasafnið og nutu veðurblíðunnar sem var þann daginn.

Við óskum Fuglahóp, þeim Ástríði Sólveigu, Bergi Tjörva, Má Óskari, Söru Björk, Silvíu Rún og Snorra til hamingju með útskriftina úr leikskólanum og óskum þeim góðs gengis í komandi verkefnum sem grunnskólanemendur.

Það sem eftir er af júní munu börnin verða mest í verkefnum úti fyrir og nýta veðrið eins og hægt verður til útileikja.



Útskriftarferð Fuglahóps 6.6.2016



Þann 15. júní fara síðan starfsmenn leikskólans í náms- og kynnisferð til Brighton. Því eru starfsdagar 15., 16. og 20. júní. Leikskólinn fer síðan í sumarfrí frá og með 1. júlí og opnar aftur 8. ágúst.



Vorhátíð leikholts 26.5.2016



Starfsfólk Leikholts óskar öllum gleðilegs sumars og þakkar kærlega fyrir veturinn.

Kærar kveðjur frá öllum í Leikholti.

# UPPSPRETTAN 18. JÚNÍ 2016

## Laugardagur



### 13:00-15:30 Brokk og skokk

Skaftholtsréttir

Hestar og menn etja kappi í bráðskemmtilegri keppni sem gaman er að fylgjast með. Keppt er í fjölskyldu- og íþróttaflokki. Áhorfendum gefst einnig kostur á að spreyta sig í myndbanda-maraboni. Hestamannafélagið Smári á heiðurinn af Brokki og skokki. Skráning á Brokk og skokk—facebook síðunni.

### 16:00 Ísland– Ungverjaland

*Em í fótbolta - Landsleikur*  
**ÁFRAM ÍSLAND!**

Stóra tjaldið í Árnesi



### 20:00-23:00 Partý með Magga Kjartans

Neslaug og Árnes

Hinn landskunni tónlistarmaður heldur uppi stemmningunni. Ef veður leyfir hefjum við leikinn á sundlaugarbakkanum. Áheyrendur hafa með sér tjaldstól, setjast í grasið eða láta fara vel um sig í heita pottinum. Eftir nokkur lög færum við okkur inn í Árnes.



**Hlökkum til að sjá ykkur!**



# UPPSPRETTAN 19. JÚNÍ 2016

## Sunnudagur

Brekkan við Neslaug

### 11:00-12:15 Leikhópurinn Lotta

Leikhópurinn Lotta kom til okkar síðasta sumar og sló í gegn. Nú koma þau aftur við hjá okkur á ferð sinni um landið. Sýningin í ár heitir **Litaland** og höfðar til allra barna á aldrinum 2-99 ára. Hún fer fram utandyr, en ef veðrið spillir færum við okkur inn í salinn í Árnosi. Aðgangseyrir kr. 1000. Frítt fyrir 3 ára og yngri. Byrjað verður að selja inn kl. 10:30, vinsamlegast mætið tímanlega.

Hoppukastali  
og 8 m hár  
klifurveggur

### UPPSPRETTUGLEÐI AF ÝMSU TAGI Í ÁRNESI

**12:00-16:00 Bjástrað á bæjunum** Sýning og sala á listmunum og munngæti úr smíðju fólksins í sveitinni og góðra gesta.

**Hans Alan** heldur sölusýningu á málverkum sínum. Myndefnið er naut í ýmsum litum og stærðum.

**Kl. 12:45 Miðlað af viskubrunni:** Fyrirlestrar í salnum fyrir fróðleiks físa matargesti. María Hödd Lindudóttir, þjóðfræðinemi, segir frá Heklugosum fyrri tíma og áhrifum þeirra. Finnur Hafliðason segir okkur frá lokaverkefni sínu um umferð göngufólks á einkalandi.

**Kl. 13:00 Myndbandamaráðun:** nánari upplýsingar bæklingnum og á facebook. Keppendur hefja leik við aðalinnganginn kl. 13:00

**Kl. 14:30 Uppspretturaleikur** fyrir alla fjölskylduna.

**Kl. 15:00 Lokaathöfn og verðlaunaafhendingar**

Uppsprettu-  
máltíð til  
sölu

Menningar- og æskulýðsnefndin



## ÚTREIÐARTÚR HESTAMANNAFÉLAGSINS SMÁRA 2016

Á kosningadaginn þann 25. júní er fyrirhugað að ríða hringinn í kringum Vörðufell á Skeiðum. Reiðtúrinn hefst hjá Stefaníu í Vorsabæ kl 13:00 og verður aðstaða þar til þess að geyma aukahross. Ríðið verður með fjallið á vinstri hönd og hægt ef vill að koma inn í túrinn við Iðu áður en farið verður í hvarf að fjallsbaki. Endað verður hjá formanninum í Fjalli þar sem étið verður grillað ket fyrir hóflegt verð. Hringurinn er um 20 km. Áhugasamir tilkynni þátttöku á netfang [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is).

Kveðja - Útreiðanefnd Smára.



## Ferðaskrifstofan Exploring Iceland

auglýsir eftir bændum sem hafa áhuga á að taka á móti ferðamönnum í svokallaðar „örheimsóknir“ (ca. 15-30 mín. hver heimsókn). Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Meike meike(at)exploringiceland.is eða gsm 663 8011 [www.exploringiceland.is](http://www.exploringiceland.is)



## Trjáplöntur!

Eins og undanfarandi ár hef ég til úthlutunar nokkrar bakkplöntur (bakkaplöntur) sem koma frá Skógræktarfélagi Árnesinga. Þær eru komnar til mín og eru til úthlutunar, fyrstir koma fyrstir fá.

Kv. Oddur Stöðulfelli Sími 865-4449



## Auglýsing frá Strætó!

Reglulegum strætóferðum úr Árnesi og niður á Sandlækjarholt var hætt frá og með mánudeginum 06. júní 2016. Ekki er lengur grundvöllum fyrir rekstrinum. Boðið er upp á pöntunarþjónustu í staðinn. Hægt er að panta

far í síma 893-4426 með **tveggja tíma fyrirvara** og farið kl. 07:27 að morgni og 16:22 síðdegð frá strætóstöð í Árnesi. (Þjósárstofu)



## Frá Ungmennafélagi Gnúpverja

Afhent verða íþróttaverðlaun á Uppsprettni, vegna nýs fyrirkomulags.

Sveitarfélagið útnefnir íþróttamann ársins en ungmennafélagin tilnefna kándidata.

Samvinna milli ungmennafélaganna tveggja og Menningarmálanefndar.



### Æfingar sumarsins eru eftirfarandi:

Frjálsíþróttæfingar eru á mánudögum kl 16.00.

Þjálfari: Bryndís Eva Óskarsdóttir

Boltaæfingar eru á miðvikudögum kl. 18.00.

Þjálfari: Þorsteinn Hauksson.

Öll börn velkomin.

Ungmennafélag Gnúpverja



### Héraðsleikar- og Aldursflokkamót HSK

verða haldin í Þorlákshöfn sunnudaginn 12. júní og hefst kl. 10:00.

Keppt verður í frjálsíþróttum í flokkum 14 ára og yngri. Héraðsleikarnir eru fyrir 10 ára og yngri og aldursflokkamótið er fyrir 11 - 14 ára. Gnúpverjar ætla að fara með vaskan hóp barna þriðja árið í röð og eru börnin spennt. 😊

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:


# 802



## Munum það — í verki !

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.*

*Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



## **Auglýsing frá Veiðifélagi Þjósár**

Stjórn Veiðifélags Þjósár ákvað að veiði mætti hefjast í Þjósá miðvikudaginn **8. júní nk. og ljúka 30. september.** Leggja má á þriðjudagsmorgni kl.10.00 til kl. 22.00 á föstudagskvöldi. Veiðistopp skal vera eina viku í ágúst dagana **9. til 16. ágúst.** Með von um gott veiðisumar og góð skil á veiðiskýrslum að lokinni veiði í haust.

Stjórn Veiðifélags Þjósár.

## **Aðalfundur Veiðifélags Þjósár**

verður haldinn þriðjudagskvöldið

**14. júní 2016 kl. 20:30 að Laugalandi í Holtum.**  
**Dagskrá.**

Venjuleg aðalfundar störf.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson frá Veiðimála-stofnun koma á fundinn með erindi um lífríki Þjósár.

Hvetjum alla veiðirétthafa að mæta!

Stjórn Veiðifélags Þjósár.

## **Hundafangari sveitarfélagsins:**

**Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.**



## **Heitur pottur til sölu!**

Til sölu er heiti potturinn sem var við  
Neslaug á 120.000,-

Þetta er stór heitur pottur og fyrstur kemur  
fyrstur fær!

**Upplýsingar í síma 893-4426.**





# Vellukkuð Hestheimaferð.



Helgina 28/5-29/5 fóru nokkrir foreldrar og 15 börn á vegum Smára og Loga í mjög skemmtilega helgarferð í Hestheima.

Mjög vel var tekið á móti okkur og var þétt skipuð dagskrá í boði báða dagana.

Reiðtúrar, leikir, skemmtileg samvera og frábærir reiðtímar hjá Rósu Birnu.

Þetta var einstaklega góður hópur og gaman að vera með þeim í allskonar hestastússi.

Sýningin á sunnudeginum var vel sótt og fengu allir veislukaffi áður en haldið var heim eftir frábæra helgi.

Takk fyrir samveruna krakkar, þið voruð öll frábær!

Kærar hestakveðjur.

Æskulýðsnefndin.



## Stækkun Búrfellsvirkjunar – framkvæmdir að hefjast


Framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar hófust nú á vormánuðum og má gera ráð fyrir því að íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps verði nokkuð varir við þær í sumar Gestastofa Landsvirkjunar í Búrfellsstöð verður lokuð á framkvæmdatíma, sem áætlaður er til september 2018, en benda má á að Þjórsárstofa verður opin sem fyrr.

Framkvæmdirnar felast í því að nýjum aðrennslisskurði og inntaki verður komið fyrir í Bjarnalóni, þ.e. sama lóni og tilheyrir núverandi virkjun. Þar taka við fallgöng og stöðvarhús sem verður neðanjarðar í Samsstaðarklifi, ásamt frárennslisskurði sem veitir vatni út í Fossá (sjá skýringarmyndir).





Lögð er áhersla á að áhrif á ásýnd og umhverfi verði í lágmarki, með því að hafa stöðvarhús neðanjarðar og nýta frárennslisskurð sem búið var að grafa að hluta til þegar til stóð að stækka virkjunina á níunda áratugnum.



Með stækkun Búrfellsvirkjunar er nýting á rennsli Þjórsár við Búrfell hámrökuð, en um 14% af rennslisorku við Búrfellsstöð renna að jafnaði ónýtt fram hjá stöðinni á hverju ári. Uppsett afl nýrrar stöðvar verður 100 MW með einni vél, en gert er ráð fyrir að síðar verði hægt að stækka stöðina um allt að 40 MW. Með stækkun Búrfellsvirkjunar má auka orkugetu raforkukerfisins um allt að 300 GWst á ári.

Vegna framkvæmdanna verður aðgengi að svæðinu takmarkað. Aðgangur ferðamanna verður óheimill, en lögð verður áhersla á að koma til móts við íbúa og aðra sem nauðsynlega þurfa að komast um svæðið. Hægt er að hafa samband við staðarverkfræðing, Jón H. Gestsson, í síma 892 9457, eða senda tölvupóst á netfangið [Jon.heidar.gestsson@landsvirkjun.is](mailto:Jon.heidar.gestsson@landsvirkjun.is).

## Aðalskipulag Skeiða– og Gnúpverjahrepps!

Vinna við aðalskipulagið er hafin og sveitarstjórn vill hvetja íbúa að koma með hugmyndir og ábendingar um skipulagið. Stefnt er að því að halda annan fund í haust líkan því er gert var í maí. Sendið ábendingar á [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is). ☺

**29. sveitarstjórnarfundur í Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 1. júní 2016 kl. 14:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Óskað var eftir að fundargerð 13. Fundar umhverfisnefndar frá 30. Maí 2016 verði bætt á dagskrá fundarins undir lið nr. 26. Var það samþykkt samhljóða.**

**Dagskrá:**

***Mál til umfjöllunar og afgreiðslu***

1. Búrfell 2. Staða á verkefni- verkáætlun og fleira. Gunnar G Tómasson og Ásbjörg Kristinsdóttir mættu til fundarins og greindu frá gangi mála við framkvæmdir við Búrfell 2. Framkvæmdir hófust í apríl sl. Marty og ÍAV sjá um byggingahlutann. Andrits Hydro framleiða véla – og rafbúnað. Samið hefur verið við Mannvit um framkvæmdaefirlit. Með virkjuninni er framhjárennsli nýtt að stærstum hluta og orkugeta aukin um 300 GWst á ári. Ekki þarf að bæta við tengivirki eða flutningslínunum. Áætlað er að rafmagnsframleiðsla í virkjuninni hefjist vorið 2018. Hugmynd kom upp um að halda opinn kynningardag fyrir íbúa um framkvæmdirnar
2. Hvammsvirkjun matsáætlun. Lögð var fram skýrsla um matsáætlun vegna Hvammsvirkjunar sem unnin er á vegum Landsvirkjunar. Erindi lagt fram frá Skipulagstofnun undirrituð af Val Klemenssyni þar sem óskað er eftir umsögun um skýrsluna. Skýrslan ber nafnið „Mat á umhverfisáhrifum: Ferðaþjónusta og útivist og landslag og ásynd lands.“

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun vegna málsins: Við gerum alvarlegar athugasemdir við þau gögn og rannsóknir sem lögð eru til grundvallar um tillögu að matsáætlun (sjá kafla 4.7.) þar sem um er að ræða áhrif virkjana á ferðaþjónustu og útivist. Þar er verið að styðjast við gögn m.a. frá 2002 sem eiga tæpast við í dag þar sem aðstæður eru gjörbreyttar. Við viljum sjá álit fagaðila og hagsmunaaðila t.d. SAF og Félag Leiðsögumanna á áhrif virkjana á ferðaþjónustuna á svæðinu og sérstaklega viljum við að leitað verði álits ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Varðandi ásynd og Landslag hvetjum við framkvæmdaaðilar Matsáætlunar að kannaður verði hugur íbúa til breytinga á landslagi vegna fyrirhugaðar virkjana.

Allir Sveitarstjórnarfulltrúar tóku samhljóða undir bókunina.

3. Kerlingarfjöll friðlýsing. Lagt fram bréf frá Hildi Vésteinsdóttur þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn samþykki kynningarferli vegna friðlýsingar Kerlingarfjalla-svæðis. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að kynningarferlið fari fram, engu að síður vill sveitarstjórn leggja áherslu á að kynningartíminn sé óeðlilega stuttur.
4. Rauðukambar ehf. Drög að samningi um Reykholtslaug. Oddviti lagði fram

- drög að samningi milli sveitarfélagsins og Rauðukamba ehf um Reykholtslaug í Þjórárdal. Samningsdrög lögð lögð fram og kynnt. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að gerð samnings við Rauðukamba.
5. Hólaskógur. Uppsögn rekstraraðila. Framtíð rekstrar í Hólaskógi. Lagt var fram bréf undirritað af Vilborgu Guðmundsdóttur fyrir hönd Gljástains ehf. Í bréfinu er uppsögn leigusamnings félagsins við sveitarfélagið um fjallaskálann í Hólaskógi frá 20. september 2016. Sveitarstjórn samþykkir uppsögnina samhljóða sem og að bjóða út leigu skálans. Sveitarstjóra falið vinna að gerð útboðsgagna vegna fjallaskálans í Hólaskógi og leggja fram á næsta sveitarstjórnarfund.
  6. Umsókn Landstólpa um lóð. Lagt var fram erindi frá Berglindi Bjarnadóttur fyrir hönd Landstólpa ehf þar sem félagið óskar eftir að fá úthlutað íbúðarhúsaloðum við Holtabraut í Brautarholshverfi. Umsókn samþykkt og sveitarstjóra falið að vinna að gerð lóðarsamnings.
  7. Lóð Búnaðarfélags við E-götu við Suðurbraut. Minniháttar breyting á byggingareit á lóð er Búnaðarfélagi Gnúpverja hefur verið úthlutað. Breyting unnin af Oddi Hermannssyni hjá Landform lögð fram. Breyting samþykkt samhljóða.
  8. Lóð Urðarholts. Landspilda úr Réttarholti. Lítillháttar breyting. Lögð fram gögn um breyttar útlínur landspildunnar óskað var eftir að eignarhald verði leiðrétt samkvæmt því. Breytingar samþykktar.
  9. Samband ísl. sveitarfélaga. Beiðni um skipan fulltrúa í nefnd. Lagt fram erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga undirritað af Karli Björnssyni. Varðar vinnu við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingaþörf ferðaþjónustu. Óskað er eftir skipan fulltrúa fyrir hönd sveitarfélagsins í verkefnið. Samþykkt tilnefna í verkefnið Kristófer Tómasson sveitarstjóra fyrir hönd sveitarfélagsins.
  10. Fjárhagsáætlun 2016. Viðaukar. Lagðir voru fram viðaukar við fjárhagsáætlun , í viðaukum koma fram breytingar á upphaflegri fjárfestingaáætlun fyrir yfirstandandi ár. Viðaukar sýna áhrif vegna kaupa á fasteigninni Holtabraut 27 kaupverð 18.600.000 kr. Útgjöldum verði mætt með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga nánar undir lið 25. Viðaukar fjárhagsáætlunar samþykktir samhljóða.
  11. Sorpþjónusta, útboðsgögn. Drög að útboðsgögnum ásamt minnisblöðum lögð fram og kynnt. Unnið verði áfram að undirbúningi útboðs.
  12. Bréf frá Landgræðslu. Svör við fyrirspurn sveitarstjórnar frá 04.05.16. Þar er fjallað um hvar reitir eigi að vera, hve lengi þeir eigi að standa og hversu stór girðingarhólfir eigi að vera. Svarbréf undirritað af Sigþrúði Jónsdóttur sérfræðingi hjá Landgræðslunni. Samþykkt að vísa erindi til Afréttarmálanefndar.
  13. Erindi frá Landgræðslu. Beiðni um heimild til uppgræðslu á Hafinu. Lagt var fram erindi undirritað af Sigþrúði Jónsdóttur sérfræðingi hjá Landgræðslunni Landgræðslan óskar eftir heimild til að græða upp landsvæði vestan við núverandi uppgræðslusvæði á Hafinu á Gnúpverjafrétti Fáist heimild munu uppgræðsluadgerðir hefjast í júní 2016. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Afréttarmálanefndar.



14. Félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá. Anna B Hjaltadóttir, Jakob Eiríksson, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Edda Pálsdóttir og Iðunn Pálsdóttir sögðu frá félaginu, hlutverki og framtíðarsýn þess.
15. Reglur um hvar megi tjalda eða gista. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að bannað sé að tjalda eða gista í húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum eða tjaldvögnum á almannafæri utan merktra tjaldsvæða í landi sveitarfélagsins. Samanber 2.mgr. 23 gr laga um náttúruvernd þar sem fram kemur að leyfilegt sé að vísa fólki sem gistir á ómerktum tjaldsvæðum á nærliggjandi tjaldsvæði. Tillaga samþykkt einum rómi.
16. Erindi um sameiningar sveitarfélaga. Kjör fulltrúa í nefnd. Erindi lagt fram undirritað af Ingibjörgu Harðardóttur fyrir hönd sveitarstjórnar Grímsnes - og Grafningshrepps. Í erindinu er óskað eftir að skipaðir verði tveir fulltrúar í hverju sveitarfélagi í nefnd sem muni hafa það hlutverk að fjalla um kosti og galla sameiningar allra sveitarfélaga í sýslunni í eitt sveitarfélag. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björgvin Skafti Bjarnson og Gunnar Örn Marteinsson verði fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í nefndinni.
17. Trjágróður á vegamótum og meðfram vegum í sveitarfélaginu. Áhrif á umferðaröryggi. Sveitarstjóri lagði fram Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að trjágróður dragi úr útsýni á vissum stöðum meðfram vegum og við vegamót í sveitarfélaginu. Hætta getur verið á að þar sem hagar þannig til geti umferðaröryggi verið stefnt í hættu. Æskilegt væri að gera úttekt á þessum aðstæðum af þar til bærum aðilum. Sveitarstjóra falið að leita eftir úttekt af til þess bærum aðilum.
18. Korngrís. Umsókn um styrk úr atvinnuuppbyggingarsjóði. Umsókn undirrituð af Petrínu Jónsdóttur lögð fram ásamt gögnum. Umsóknin er um Kjötvinnslu og verslun. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að meta gögn með umsókninni leita álits hjá Atvinnuráðgjöf SASS. Afgreiðslu að öðru leiti frestað.

### **Fundargerðir**

19. Fundargerð 111. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 6. Þarfnast afgreiðslu.  
Flúðalína 1: Endurnýjun 66 KV jarðstrengs við Búrfell: Umsagnarbeiðni - 1605044  
Lögð fram tilkynning Landsnets um matsskyldu vegna lagningu 66 kV jarðstrengs yfir Fossá við Búrfell. Óskað er eftir umsögn um hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun, og hvort að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Meðfylgjandi eru umsagnir Veðimála-stofnunar og Forsætisráðuneytisins. Að mati skipulagsnefndar er gert nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og ekki er talið að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og telur nægjanlega grein gerða fyrir framkvæmdinni og telur að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

20. Fundargerðir 17. og 18. fundar Menningar og æskulýðsnefndar. Fundargerðir lagðar fram og kynntar.
21. Fundargerð Atvinnu- og samgöngumálanefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
22. Fundargerð 10. fundar Skólanefndar Flúðaskóla 26.05.16. Fundargerð lögð fram og kynnt.

### ***Samningar og styrkir***

23. Samstarfssamningur um seyrusvæði. Samningur staðfestur.
24. SÍBS Beiðni um styrk. SÍBS óskar eftir styrk til útgáfu blaðs. Beiðni hafnað.

### ***Annað***

25. Lánssamningur við Lánasjóð sveitarfélaga. Sveitarstjóri lagði fram lánasamning við Lánasjóð sveitarfélagsins að fjárhæð 18.600.000 kr.  
Lögð var fram svohljóðandi tillaga: Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf að fjárhæð 18.600.000 kr. til 18 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til kaupa á íbúðarhúsnæðinu Holtabraut 27 og í fullu samræmi við 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.  
Jafnframt er Kristófer Tómassyni kt. 060865-5909, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skeiða og Gnúpverjahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Tillaga samþykkt samhljóða.
26. Fundargerð 13. fundar Umhverfisnefndar 30 maí. Fundargerð lögð fram og kynnt.

### ***Önnur mál.***

- A. Halla Bjarnadóttir óskaði eftir lista yfir eignir sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að gera lista yfir eignirnar.

### ***Mál tilkynningar.***

- A. Fundargerð Stjórnarfundar Sambands Svf nr. 838.
- B. Skoðunarskýrsla Brunavarna á bókasafni og Leikskóla.
- C. Matslýsing raforka Landsnet.
- D. Heilbrigðisnefnd. 172. Fundur.
- E. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga nr.8.

- F. Ársreikningur Landskerfis bókasafna.
  - G. Fundargerð 110 fundar Skipulagsnefndar.
  - H. Ályktanir Foss.
  - I. Fundargerð 5. Fundar stjórnar Burnavarna Árn.
  - J. Skólanefnd Flúðaskóla. Fundargerð 10 fundar.
  - K. Seyruhótel. Lokaskýrsla.
- Fundi slitið kl 18:00.



Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn  
29. júní næstkomandi kl 14:00

## Tiltektarvika í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Nú er lag að taka til hendinni og fegra í kringum okkur. Rúlluplast á girðingum er hvítleitt, oft er erfitt að hemja það þegar vindar blása, en ef það sleppur laust er, bara ein leið og það er elta það og koma því á sinn stað.

Eins er tækifæri núna fyrir slátt að taka til og gæta þess að fara með allt hráefni vel flokkað á gámasvæði. Ef um stærri tiltektir er að ræða er mögulegt að fá gám heim, en um það skal ræða við sveitarstjóra. Girðingar sem liggja hálf faldar í grasi eru bæði ljótar og ekki síður hættulegar búfé og jafnvel fólki, þess vegna er nauðsynlegt að hirða þær áður en skaðinn er skeður. Svo getum við vonast eftir góðu og þurru sumri, svo hægt verði að mála bæði vegg og þök ☺



Með sumarkveðju  
Umhverfisnefnd.



# Auglýsing eftir starfsmanni í eldhús/ræstingar!

**Leikskólinn Leikholt auglýsir eftir starfskrafti í eldhús/ræstingar.**

Um er að ræða **90% starf** með vinnutímann 9:00-16:00, þar sem tekið er á móti matnum sem kemur frá Árnesi, framreitt og gengið frá, einnig er húsið ræst. Laun samkvæmt kjarasamningum. Starfsmaður þarf að geta byrjað að vinna frá og með 1. september en möguleiki er að byrja að vinna fyrr. Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli og hugsar því vel um umhverfið, varðandi flokkun, rafmagn, efni til þrifa og fleira.

Í Leikholti vinna 9 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi, við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einkunnarorð leikskólans eru: **Gleði, vinsemi og virðing.**

Umsóknarfrestur er til **23. júní**, hægt er að senda ferliskrá á

[leikskoli@skeidgnup.is](mailto:leikskoli@skeidgnup.is) eða hringja í 486-5586 eða 895-2995 og tala við leikskólastjórann, einnig til að fá nánari upplýsingar.

Elín Anna Lárusdóttir, leikskólastjóri.



## VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

**GUINOT** húðvörur fyrir dömur og herra

**ALESSANDRO** naglalökk og gloss

**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímapantanir í  
síma: 856-1599**

## Hrunaprestakall

Helgihaldið í sumar.

**14. júní (Þriðjudagur):** Kvöldmessa í Hrunakirkju kl. 20:30 í tengslum við vísitasiu vígslubiskups og prófasts í Hrunaprestakalli.

**17. júní:** *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.

**19. júní:** *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

*Kvöldmessa* í Hrepphólakirkju kl. 20:30.

**14. ágúst** *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Messuhlé verður gert í júlímánuði. Heimasiða prestakallsins er [hruni.is](http://hruni.is)

Fésbókarsíðan er: - [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Með ósk um gleðiríkt og gjöfult sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson



## Sundmót skólans

Sundmót Þjórsárskóla var haldið í blíðskaparveðri 10.maí í Skeiðalaug. Yngri nemendur skólans voru búin að útbúa hvatningarspjöld fyrir keppendur og voru þau mjög dugleg við að hvetja og skapa góða stemningu á pöllum. Krakkar úr leikskólanum komu líka og tóku vel undir hvatningarhrópin ☺

Keppendur stóðu sig vel og var mjög jafnt á milli þeirra. Svo fór að að lokum að Auðunn Magni varð fyrstur í drengjaflokki, Haukur annar og Valdimar þriðji. Í stúlknafllokki var það Elín Ásta sem sigraði, Guðný Vala varð í öðru sæti og Magga í þriðja. Nemendur fengu verðlaunapening að móti loknu en farandbikar verður afhentur á skólaslitunum.



## Vistheimtaferð á Skaftholtsfjall.

5.6.og 7. bekkur fóru ásamt kennurum sínum Bolette og Hafðisi upp á Skaftholtsfjall fimmtudaginn 12. maí. Tilgangur ferðarinnar var að lagfæra tilraunareitina okkar og bera skít á ákveðna reiti. Í fjallinu hittu okkur fulltrúar Landverndar og Landgræðslu. Nemendur gengu frá skólanum og veðrið lék við okkur. Við byrjuðum á því að nemendum var skipt í hópa. Hóparnir settu nýtt band umhverfis hvern reit og ný flögg og svo nýjar spýtur ef þær gömlu voru orðnar lúnar. Síðan var skít dreift á tilraunareitina. Nemendur voru röggssamir og vinnan gekk fljótt og vel fyrir sig.





## Nýsköpunarkeppni 2016

Grunnskólanemendum landsins stendur árlega til boða að taka þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Tveir nemendur Þjórsárskóla náðu þeim glæsilega árangri að komast í úrslit keppinnar að þessu sinni. Það voru þær Kristín Huld Stefánsdóttir og Þorbjörg Guðrún Kristófersdóttir.



### Fróðleiks skilti

Í vetur hafa nemendur í 5. 6. og 7.bekk unnið samþætt verkefni í smíði og útinámi. Þau bjuggu til skilti með ýmsum fróðleik um sveitina okkar en skiltin eru að finna við stíginn sunnan við Árnes. Skógrækt ríkisins í Þjórsárdal lagði til efnivið og skógarvörður Jóhannes Hlynur Sigurðsson og Árdís Jónsdóttir kennari veittu faglega ráðgjöf. Endilega fáið ykkur göngutúr, lesið og njótið. ☺



### Blöðru legóbílinn

Í vetur hafa nemendur verið að vinna með krafta og orku í náttúrufræði og út frá því fengu 1. – 4. bekkur, í hópum, það verkefni að hanna og byggja legóbíl sem gekk fyrir „blöðruorku“. Verkefnið gekk mikið út á samvinnu nemenda, samskipti, sköpun og möguleikahugsun. Hver hópur hannaði á blað sinn bíl og fór síðan í byggingu hans. Þegar byggingu bílsins var lokið fengu nemendurnir blöðru til að prófa bílinn sinn.

Undantekningalaust þurftu hóparnir að fara aftur að „teikniborðinu“ og endurbæta bílinn sinn en það var ávallt á þeirra forsendum og var kennarinn einungis til að fylgjast með. Börn eru með svo flotta möguleikahugsun að þau eru fullfær um að finna lausnina sjálf. Í lok apríl var síðan keppni á milli bílanna og sá hópur sem áttu bílinn sem fór lengst stóðu uppi sem sigurvegarar. Á annarri myndinni má sjá bíl sigurvegaranna og á hinni hluta af þeim bílum sem voru gerðir. (framh. á næstu síðu.)

## Sigurvegarrinn!



## Vinnu- og verslunarstöðvar

Í lok apríl og maí vorum við í 1. – 4. bekk að vinna á stærðfræðistöðvum sem enduðu með verslun og þjónustu. Hugmyndin að verslunar og þjónustustöðvunum er fengin frá kennurum 1. og 2. bekkjar í Flóaskóla. Í myndmennt útbjuggu nemendur hver sitt veski til að halda utan um þá peninga sem þeir unnu sér inn.

Á vinnustöðvunum hjá okkur var unnið með tölur, talnalínu og talnagátu, það var gerð alvöru pítsa í hverjum hóp og reiknaður kostnaður hennar, unnið var með plastflöskur og hvað fengist fyrir þær í endurvinnslunni og hvernig bæri að skipta þeim ágóða og einnig var unnið með samlagningu og

peninga.

Í lok þessara vinnustöðva var sú pítsa sem var gerð áður seld af þeim hóp á „veitingastaðnum“, bíósalur var opnaður og selt þar inn, snyrtistofa var einnig starfrækt þar sem hægt var að kaupa sér nudd, hárgreiðslu eða naglalakk og að lokum var föndur-hornið þar sem að nemendur borguðu sig inn og fengu óheftan aðgang að föndurefni. Allt var þetta borgað og selt með kennslupeningum.

Þetta voru einstaklega skemmtilegir tímar og lærðu nemendur margt um nýtingu íslenskrar myntar og hvernig verslun gengur fyrir sig. Pítsugerðin og veitingastaðurinn sló sérstaklega í gegn og gaman að fylgjast með áhugasömum nemendum vera við vinnu og leik.



## Kveðja

Þjórskóli er einstakur skóli sem ég hef ávallt verið stolt af að vinna við. Hann er þekktur innan skólasamfélagsins fyrir sérstöðu sína sem útiskóli og þau sjálfbærni og vistheimtarverkefni sem hann vinnur

að. Einnig hefur hann hlotið athygli fyrir hversu gott samstarf er milli leik- og grunnskóla svo að samfella og færsla barnanna milli skólastiga sé sem best. Það sem gerir hvern skóla að góðum skóla er starfsfólkið. Ég er einstaklega heppin að hafa fengið tækifæri til að vinna með öllu því frábæra fólki sem er innan skólans og sömuleiðis þeim sem vinna að skólastarfinu utan veggja skólans.

Sárt finnst mér að kveðja börnin sem ég kalla svo oft börnin mín.




Þau hafa öll haft áhrif á mig sem persónu og kennara. Það er erfitt að hugsa til þess að ég eigi ekki eftir að kenna þeim aftur en mikið afskaplega er ég þakklát fyrir að hafa fengið þetta frábæra tækifæri til að kynnast þeim, hlæja með þeim og dansa fyrir þau (þau skilja hvað ég á við með því). Þau hafa haft djúpstæð áhrif á mig og ég vona að það veganesti, sem ég vil meina að ég hafi kennt þeim, hjálpi þeim í áframhaldandi skólagöngu og lífi.

Ég þakka samstarfsfólki, börnum og foreldrum kærlega fyrir allt það frábæra samstarf sem við höfum átt og óska ykkur sömuleiðis velfarnaðar í áframhaldandi starfi og vinnu. Með bestu kveðju, Hilja.



### Skógarhlaup og sullferð

Síðasta skógarferð vetrarins er jafnframt sú sem er mest spennandi í augum barnanna í skólanum. Þá er byrjað á því að taka þátt í skógarhlaupi, eldri nemendur hlaupa 5 km og þau yngri 2,5 km. Eftir hlaupin mega þeir nemendur sem vilja, sula í Sandá.



### Vordagur

Mánudaginn 30. maí var vordagur í skólanum. Þá tókum við til í kringum skólann, sópuðum, týndum rusl, settum niður og bárum áburð á tré. Í hádeginu grillaði 6. bekkur pylsur handa öllum í góða veðrinu. >

### Vorferðir – 31. maí

Nemendur í 1.-4. bekk fóru í vorferð í Slakka og Engi í Laugarási.

Við byrjuðum í Slakka og fengu börnin þar að njóta útiveru og nærveru við dýrin. Í Engi var tekið vel á móti okkur. Fyrst skoðuðum við tómataræktina og býflugurnar. Þá fengum við góða stund í völungarhúsinu og „táslugarðinum.“ Börnin voru áhugasöm, kurteis og ánægð með daginn.





Nemendur í 5. til 7. bekk Þjórsárskóla fóru í vorferð til Vestmannaeyja Siglingin gekk ljómandi, veður og sjólag notalegt. Við fórum um Eyjuna þvera og endilanga og fengum fræðslu um gos og lunda og allt þar á milli. Að útsýnisferðinni lokinni fengum við okkur hamborgara og franskar og var það kærkomið. Eftir mat fóru allir í sund og höfðu gaman. Að sundi loknu var nesti borðað og síðan hófst sigling í kringum Eyjarnar. Fórum við örlítið styttra en gert var ráð fyrir þar sem ekki var talið gott að sigla austur fyrir Eyjarnar vegna veðurs. Þótti sumum nóg um velting og dýfur en allir voru glaðir er í höfn var komið. Þarna fengum við fræðandi og lifandi leiðsögn. Í lokin var síðan tekið stutt sprang þar sem nemendur sýndu listir sínar. Það var þreyttur en sæll og glaður hópur sem kom heim um kvöldið.



Mynd: Gunnar Jónatansson.

## Skólaslit

Miðvikudaginn 1. júní voru skólaslit í Þjórsárskóla. Þá var sýning á verkum nemenda í Árnesi, afhentur vitnisburður og sundbikarar, að auki verðlaun fyrir háttvísi – góða félagslega færni. Nú förum við út í sumarið með sól í hjarta, jákvæðni og bjartsýni.

Skólasetning verður síðan mánudaginn 22. ágúst.

Hafið það gott í sumar.  
Kveðjur frá starfsfólki skólans.  
Kristín og Bolette.



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á [www.tolt.nu/island](http://www.tolt.nu/island)  
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine  
Vestra-Geldingaholt*



Frá og með miðvikudeginum **10. febrúar**  
breytist áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla**

**virka daga- með viðkomu á Selfossi**

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: [sverrir.unnarsson@samskip.com](mailto:sverrir.unnarsson@samskip.com)

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**



[www.landflutningar.is](http://www.landflutningar.is)

**Velferðarþjónusta Árneshöfða í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181**  
[www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfða er María Kristjánsdóttir  
[maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)

**Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:**

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, [sigurjon@laugaras.is](mailto:sigurjon@laugaras.is) sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is)



# Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir*


*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*graennaland@simnet.is*

## Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.  
[skj@internet.is](mailto:skj@internet.is) - Sigvaldi K Jóns. og [nonniasum@gmail.com](mailto:nonniasum@gmail.com) -Jón Hákonarson.



[www.Híalín.is](http://www.Híalín.is)

Klassísk snið með  
silkiprentuðum munstrum  
sem hafa beina skírskotun  
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja  
Vilborg í Skarði  
863 9689 og  
[vilmarius13@gmail.com](mailto:vilmarius13@gmail.com)



# Nú er sumarið komið

...eða hvað?

## UniversalSchale

Steinefnafata fyrir sauðfé



## Lambatúttufötur og lambatúttur

5 tóttu 8 L



8 tóttu 8 L



## Lamba-mjólkurduft



## Merkilítir sprej 500 ml.

Lítir: Blár - Rauður - Grænn

## Merkilítir (stíck)

Lítir: Blár - Fjólublár - Grænn - Gulur - Orange - Rauður - Svartur

## Lambapeli 1 líter



## "Klaufa" klippur



## Skammtasprautur



## Inngjafasprautur



# Sáðvörulistinn 2016

| Yrki                                | kg/ha | kg/sekk | Verð pr/kg án vsk. |
|-------------------------------------|-------|---------|--------------------|
| <b>Vallarfoxgras</b>                |       |         |                    |
| Vega                                | 25-30 | 25      | 659                |
| Grindstad                           | 25-30 | 25      | 715                |
| Tuukka                              | 25-30 | 25      | 645                |
| <b>Vallarsveifgras</b>              |       |         |                    |
| Miracle                             | 25-30 | 25      | 770                |
| <b>Vingull</b>                      |       |         |                    |
| Túnvingull Gondolin                 | 25-30 | 25      | 580                |
| Hávingull Pradel                    | 25-30 | 25      | 790                |
| <b>Grasfræblöndur</b>               |       |         |                    |
| Stólpablanda I Fyrir kýr*           | 25-30 | 25      | 715                |
| Stólpablanda II Fyrir fé og beit**  | 25-30 | 25      | 730                |
| Stólpablanda III Hávingulsblanda*** | 25-30 | 25      | 790                |
| <b>Fjólært rygresi</b>              |       |         |                    |
| Mathíde                             | 25-30 | 25      | 435                |
| <b>Sumarrygresi</b>                 |       |         |                    |
| Barfígga                            | 25-30 | 25      | 387                |
| <b>Vetrarrygresi</b>                |       |         |                    |
| Barmultra                           | 25-30 | 25      | 385                |

| Yrki                                                         | kg/ha   | kg/sekk  | Verð pr/kg án vsk. |
|--------------------------------------------------------------|---------|----------|--------------------|
| <b>Sumarrepja / Vetrarrepja / Fjóðurnæpa</b>                 |         |          |                    |
| Sumarrepja Pluto                                             | 10-18   | 10       | 1.050              |
| Vetrarrepja Barcoli                                          | 8-10    | 25       | 465                |
| Vetrarrepja Akela                                            | 8-10    | 25       | 395                |
| Fjóðurnæpa Samson                                            | 1,5     | 1        | 930                |
| <b>Hafrar</b>                                                |         |          |                    |
| Domenic                                                      | 180-200 | 50/500   | 115                |
| Cilla                                                        | 180-200 | 30       | 110                |
| <b>Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári</b> |         |          |                    |
| Ertur Javlo                                                  | 200-225 | 500      | 155                |
| Hestabaunir Colombo <i>NYJUNG</i>                            | 180-200 | 25       | 190                |
| Hvílsmári Rívaldel                                           | 5-6     | 10       | 1.250              |
| Rauðsmári Suez                                               | 5-6     | 10       | 1.645              |
| <b>Bygg 6 raða</b>                                           |         |          |                    |
| Aukusti 6 raða                                               | 180-200 | 700/30   | 110                |
| Fliþpa 2ja raða                                              | 180-200 | 700      | 115                |
| Tamtam 2ja raða                                              | 180-200 | 50       | 105                |
| Sallome 2ja raða                                             | 180-200 | 700 / 30 | 110                |
| <b>Vorhveiti</b>                                             |         |          |                    |
| Vorhveiti Amaretto                                           | 180-200 | 500      | 135                |
| Vorhveiti KWS Bittern                                        | 180-200 | 500      | 130                |



## NYJUNG HESTABAUNIR

Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldir mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgörðar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænifóðri um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsaði síðastliðin ár og uppskiðri sterkju- og próteínrikt fíður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

# Á bak við eldavélina!



Hún Kristín Gísladóttir í Ásum deilir hér með okkur nokkrum uppáhalds uppskriftum sínum. Hún fær orðið. Takk Bolette mín fyrir áskorunina. Ætla ég hér að koma með uppskriftir af nokkrum uppáhalds kræsingum hjá minni fjölskyldu.

## Kókosbollujummí

### Púðursykurmarengs:

5 eggjahvítur

4 dl púðursykur

**Aðferð:** Stífpeytið eggjahvítur og sykurinn. Sett á bökunarplötu og bakað í 60 mín á 150°C. Gott að láta kólna á plötunni, í ofninum yfir nótt.

### Á milli:

1 lítri rjómi

1 stór poki nóakropp

4 kókosbollur

Jarðaber og bláber

**Aðferð:** Botnfylli af nóakroppi er sett í t.d. eldfast mót. Rjóminn er þeyttur og nóakroppið hulið með helming rjómans. Marengsbotn mulinn og settur yfir, þá kókosbollur, helmingurinn af bláberjum og jarðaberjum. Þá er restin af rjómanum sett og síðan skreytt með afganginum af berjunum.



## Lakkrísbomba

### Marengs:

4 eggjahvítur

200g sykur

**Aðferð:** Stífpeytið eggjahvítur og sykur. Teiknið tvo hringi á bökunarpappír og setjið blönduna á. Bakist í eina klst. á 150°C. Þá er hitinn lækkaður í 100°C og bakað í 30 mín. í viðbót. Þessa baka ég yfirleitt tvöfalda fyrir veislur og hef hvorn botn fyrir sig þá ferkantaðan á bökunarplötu.

### Á milli:

½ l rjómi

1 poki súkkulaði húðað lakkriskurl

2 pokar tromp

Jarðaber

1 plata suðusúkkulaði

**Aðferð:** Lakkrískurlið og trompið er sett saman við þeyttan rjóma með sleif. Sett á milli botnanna. Flott er að skreyta tertuna með jarðaberjum og bræddu suðusúkkulaði.



Ég bý oft til marengstertur fyrir veislur í fjölskyldunni og þá er gott að nýta eggjaraúðurnar í ís, þannig að þær fari ekki til spillis.

### Mömmu ís

6 eggjaraúður

1 bolli púðursykur

1 tsk. Vanilludropar

½ l Þeyttur rjómi

**Aðferð:** Eggjaraúður og

púðursykur þeytt vel saman. Rjóminn þeyttur sér og settur saman við með sleif. Að lokum ert sett varlega saman við t.d. kókosmjöl, súkkulaði, snickers eða lakkrisurl. Ég ætla að biðja Sirrý í Bráðarholti að gefa okkur uppskrift að nokkrum uppáhaldsréttum á hennar heimili.

Kær kveðja.

Kristín.



## Menn og málefni!



Þann 28. maí s.l. útskrifuðust frá Menntaskólanum að Laugarvatni þær Hrafnhildur Jóhanna Björg Sigurðar-dóttir, Steinsholti og Lilja Kristín Gunnarsdóttir, Árbæ, báðar sem stúdentar af félagsfræðabraut. Við óskum þeim innilega til hamingju með áfanga sína.

Aron Tommi Skaftason Holtabraut 8 hlaut M.S. gráðu í læknávisindum með áherslu á krabbameinsrannsóknir við Uppsala háskóla þann 3. júní s.l. og kærasta hans, Eydís Inga Valsdóttir hlaut M.A. gráðu í Norðurlandafræðum frá Uppsala háskóla þann 3. júní. Þau búa í Svíþjóð og óskum við þeim hjartanlega til hamingju með áfangana.



Eva Björk Birgisdóttir frá Hraunteigi og Karl Brynjar Larsen, Selfossi eignuðust sitt þriðja barn þann 17. maí s.l. sem er stúlka og vó hún 15 merkur og 50 cm. Hún hefur fengið nafnið Kolbrún Hulda Larsen.

Fyrir eru tveir Larsenbræður, þeir Hrafn Óli 5 ára og Jakob Örn 3ja.

Fjölskyldan býr í Noregi.

Elin M. B. Moquist og Aðalsteinn Aðalsteinsson Húsatóftum 2 eignuðust einnig sitt þriðja barn þann 3. júní s.l. og var það stúlka sem vó 15 merkur og 51 cm. Hún á tvo eldri bræður, þá Guðmund Johan 7 ára og Magnús Veigar 4ra ára. Við óskum báðum fjölskyldunum hjartanlega til hamingju með litlu stúlkurnar sínar.

Nefni það til gamans, að nú hafa fjögur bekkjarsystkin og jafnaldrar úr sveitinni eignast börn á innan við tveimur mánuðum. Við sögðum frá þeim Gísli Viðari og Gumma Val í síðasta bréfi og svo þau Eva og Alli núna. Það er kraftur í þessum árgangi þetta misserið og öll fengu þau stúlkur. ..☺. Ritstj.





**Afréttakortið**, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**  
**Gott í bakpokann á fjöllin fyrir útvistarfólkið ... ☺**

**Daglegar vöruferðir í uppsveitir**  
**Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík**

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)

Beint samband í flutningabíl 773-1626

**Nesfrakt**

**Flutningaþjónusta Unnars**



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



## Verðskrá sundlauga 2016



**Fullorðnir: 14 – 69 ára .....700 kr.**

Adults 14 – 69 years old

**10 miða afsláttarkort .....4.000 kr.**

10 tickets discount card

**20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.**

20 tickets discount card

**Börn: 8– 13 ára .....400 kr.**

Children 8 – 13 years old

**10 miða afsláttarkort ..... 2.000 kr.**

10 tickets discount card

**Sundföt – leiga ..... 500 kr.**

Swimwear

**Handklæði – leiga .....500 kr.**

Towel

**Neslaug og  
Skeiðalaug eru á**

**facebook**

Fylgist með þar ☺

**Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna**

**Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.**

**Aðeins er 10 mínútna akstur á milli lauganna.**

**Frítt í sund fyrir 18  
ára og yngri sem eiga  
lögheimili í sveitar-  
félaginu.**

**Frítt fyrir 70 ára og eldri.**

**Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun  
skírteinis.**

**Umsjónarmaður sundlauga  
Eypór Brynjólfsson**



**Sumaropnun: 10. júní—21. ág. kl.10:00 - 23:00**

**Krafturinn úr náttúrunni  
hjálpur þér að ná jafnvægi!**

**<http://www.fontana.is>**

LAUGARVATN  
**fontana**  
Heilsulind frá landnámi

**Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2016**  
**Neslaug S: 486-6117** **Skeiðalaug S: 486 5500**

**Neslaug**



**10. júní – 01. júlí.**

|             |              |
|-------------|--------------|
| Miðvikudaga | 18:00-22:00  |
| Föstudaga   | 14:00-18:00. |
| Laugardaga  | 12:00-18:00. |
| Sunnudaga   | 12:00-18:00. |

**Skeiðalaug**

**10. júní – 01. júlí.**

|            |        |
|------------|--------|
| Mánudaga   | 18-22. |
| Fimmtudaga | 18-22. |
| Laugardaga | 10-16. |
| Sunnudaga  | 10-16. |

**Opið júlí/ 2016**

|             |              |
|-------------|--------------|
| Mánudaga    | LOKAÐ        |
| Þriðjudaga  | 17:00-21:00. |
| Miðvikudaga | 17:00-21:00. |
| Fimmtudaga  | 17:00-21:00. |
| Föstudaga   | 14:00-18:00. |
| Laugardaga  | 10:00-18:00. |
| Sunnudaga   | 10:00-18:00. |



**Opið júlí/2016**

|             |        |
|-------------|--------|
| Mánudaga    | 17-21. |
| Þriðjudaga  | 17-21. |
| Miðvikudaga | 17-21. |
| Fimmtudaga  | 17-21. |
| Föstudaga   | LOKAÐ  |
| Laugardaga  | 10-18. |
| Sunnudaga   | 10-18. |

**Opið í ágúst/2016.**

|             |        |
|-------------|--------|
| Miðvikudaga | 18-22. |
| Laugardaga  | 12-18. |
| Sunnudaga   | 12-18. |

Frítt í sund fyrir  
18 ára og yngri  
sem eiga  
lögheimili í  
sveitarfélaginu.

**Opið ágúst/2016.**

|            |        |
|------------|--------|
| Mánudaga   | 18-22. |
| Fimmtudaga | 18-22. |
| Laugardaga | 10-16. |
| Sunnudaga  | 10-16. |

**Vetraropnun 01. september 2016.**

**Neslaug**

|             |        |
|-------------|--------|
| Miðvikudaga | 18-22. |
| Laugardaga  | 12-18. |

Frítt fyrir 70 ára  
og eldri.

Frítt fyrir öryrkja gegn  
framvísun skírteinis.

**Skeiðalaug**

|            |        |
|------------|--------|
| Mánudaga   | 18-22. |
| Fimmtudaga | 18-22. |



Eypór Brynjólfsson.  
Umsjónarmaður sundlauga.

